

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Bt. Skrifstofu stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2025

Umsögn um breytingar á lögum um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka. Mál nr. S-29/2025.

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreind frumvarpsdrög. Ráðið fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um að ljúka sölu á eftirstandandi eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Ráðið er fylgjandi því að selja hlut ríkisins með almennu útboði líkt og lagt er til í frumvarpinu og styður þá útfærslu sem lögð er til um að notast við þrjár tilboðsbækur. Loks er ráðið fylgjandi þeirri nálgun sem valin hefur verið að veita almenningi forgang í útboðinu, sem og því að leitast við að tryggja þátttöku erlendra fjárfesta.

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að ljúka söluferlinu samkvæmt þessu uppleggi eins fljótt og auðið er. Bankarekstur á það sameiginlegt með öðrum atvinnurekstri á samkeppnismarkaði að vera áhættusamur¹ hvítbók stjórnvalda um fjármálakerfið² eru taldir upp áhættuþættir sem einkenna fjármálafyrirtæki og bent á hvernig þeir geti haft áhrif á rekstur þeirra. Með því að binda fjármuni skattgreiðenda í bankarekstri er þessi áhætta sett á herðar almennings og hann látinn bera tjónið við næstu skakkaföll.

1 Fjármála- og efnahagsráðuneytið (desember 2018): „Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið.”
Slóð: https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/hvitbok_for_web_final_15.20.pdf


Þá er opinbert eignarhald á fyrirtækjum í atvinnurekstri óheppilegt þegar kemur að hagræðingu, framþróun og öðrum þáttum sem stuðla að framleiðnivexti og gagnast þannig bæði viðskiptavinum bankanna og samfélaginu í heild. Fá ríki eru jafn umsvifamikil og Ísland þegar kemur að eignarhaldi hins opinbera á bönkum.² Brýnt er að mati ráðsins að bæta úr þeirri stöðu með því að draga úr opinberu eignarhaldi í bankakerfinu.

Erindi Arion banka til Íslandsbanka um áhuga á viðræðum um sameiningu bankanna á ekki að hafa áhrif á áform ríkisins um að selja eftirstandandi hlut sinn í Íslandsbanka. Fari slíkar sameiningarviðræður í gang flokkast þær sem hluti af tilraunum bankanna sjálfra til að auka hagkvæmni í sínum rekstri. Opinbert eignarhald er ekki síður óheppilegt við þær aðstæður frekar en almennt. Eðlilegra er að aðkoma stjórnvalda að því ferli sé einvörðungu í gegnum þar til bæra eftirlitsaðila.

Að lokum hvetur Viðskiptaráð stjórnvöld til að hefja undirbúning á sölu á hlut í Landsbankanum svo slíkt útboð geti farið fram fljótt í kjölfar sölu á eftirstandandi eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka. Þannig væri unnt að draga enn frekar úr opinberu eignarhaldi í bankakerfinu hérlandis.

Ráðið áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

2 Umsögn Viðskiptaráðs um frumvarp til laga um ráðstöfun á eignarhluta Íslandsbanka (mars 2024).
Slóð: <https://vi.is/frettir/eignarhald-islenska-rikisins-a-skjon-vi-onnur-vest>